

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við móttökur - R16010200*


Svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við móttökur var lögð fram á fundi borgarráðs þann 6. september sl.

Hver er kostnaður borgarinnar af hinum ýmsu móttökum og öðrum hátíðarviðburðum tengdum borginni? Borgarfulltrúa Flokks fólksins leikur forvitni á að vita heildarútgjöld borgarinnar vegna viðburða af þessu tagi og nægir að upplýsa um árið 2017 og það sem af er 2018.

Með bréfi dags. 13. september var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um fyrirspurnina.

Við ákvörðun um opinbera móttöku er horft til þess að tilefnið þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga, og/eða sé í samræmi við höfuðborgarhlutverk borgarinnar. Einnig er horft til mikilvægis móttökunnar fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar og aðkomu Reykjavíkurborgar að tilefni hennar. Samanlagður kostnaður vegna opinberra móttaka á vegum Reykjavíkurborgar árið 2017 var 19.911.144 kr. og það sem af er 2018, fram til 1. október, er kostnaðurinn vegna þeirra 10.085.977 kr. Kostnaðurinn felst m.a. í veitingum, framreiðslu, launum til listafólks, gjöfum, skreytingum og öðrum tilfallandi kostnaði.

Í eftirfarandi töflu má sjá þróun kostnaðar vegna móttaka á vegum Reykjavíkurborgar á árunum 2007-2018.



Óskað var eftir upplýsingum um kostnað vegna annarra hátíðarviðburða á vegum Reykjavíkurborgar frá menningar- og ferðamálasviði. Samanlagður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna Vetrarhátíðar, Barnamenningarhátíðar, 17. júní, Menningarnætur, tendrun Friðarsúlu og aðventuhátíðar var 31.271.345 kr. árið 2017. Samanlagður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna Vetrarhátíðar, Barnamenningarhátíðar, 17. júní og Menningarnætur er 25.023.117 kr. árið 2018. Sá fyrirvari er þó gerður að Menningarnótt 2018 hefur ekki verið gerð endanlega upp enda enn að berast reikningar vegna þeirrar hátíðar. Samanlagður áætlaður fjöldi gesta í þessa hátíðarviðburði Reykjavíkurborgar er árlega um 206.000 manns.

Helga Björg Ragnarsdóttir  
skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara